



## Erindisbréf atvinnu- og ferðamálanefndar

### I. Stjórnskipuleg staða og skipan

#### 1. gr.

Atvinnu- og ferðamálanefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málauflokka sem henni eru fálin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

#### 2. gr.

Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál á Skagaströnd og skal móta stefnu í þeim málauflokum og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast að sveitarfélagið beiti sér fyrir á hverjum tíma.

#### 3. gr.

Í atvinnu og ferðamálanefnd eiga sæti fimm fulltrúuar sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúuar til vara.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

### II. Hlutverk nefndarinnar

#### 5. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í aðgerðum til að styrkja atvinnulíf í sveitarféluginu.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í atvinnu- og ferðamálauppbryggingu í sveitarféluginu.
- að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í atvinnuþróunarmálum og nýsköpun og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast á hverjum tíma. að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf á Skagaströnd, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málauflokum nái fram að ganga.
- að greina leiðir til að efla atvinnulíf á svæðinu.
- að annast samskipti við fyrirtæki, mennta- og rannsóknarstofnanir sem tengjast starfssviði nefndarinnar, í samráði við sveitarstjórn/sveitarstjóra.
- að taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbryggingu og nýsköpun í sveitarféluginu.

#### 6. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

### Gildistaka

#### 7. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12. október 2022.

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar



Samþykktir Sveitarfélagsins Skagastrandar